


# Skólanámskrá Heilsuleikskólans Króks



5. útgáfa 2015

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Skólanámskrá .....	3
Skólar ehf. – stefna og starfsemi .....	4
Hlutverk, stefna og leiðarljós .....	5
Hlutverk leikskólans .....	5
Stefna og starfshættir .....	5
Leiðarljós Króks .....	7
Hugmyndafræði.....	7
Lýðræði og jafnrétti .....	9
Leikur, nám og umhverfi .....	10
Samþætt og skapandi leikskólastarf .....	10
Námssvið leikskólans .....	11
Læsi og samskipti .....	11
Heilbrigði og vellíðan .....	11
Sjálfbærni og vísindi .....	12
Sköpun og menning .....	12
Fjölskyldan og leikskólinn .....	13
Tengsl skólastiga.....	14
Áætlanir og skýrslur.....	15
Gæðamat .....	16
Mat á námi og velferð barna .....	16
Mat á leikskólastarfi.....	17
Stoð- og sérfræðipjónusta .....	17
Heimildaskrá.....	19

## Inngangur

Skólanámskrá Heilsuleikskólans Króks, 5. útgáfa, verður gefin út í bundnu formi og birt á [heimasíðu skólans](#). Ásamt því að taka mið af Aðalnámskrá leikskóla er stuðst við skólastefnur [Skóla ehf](#) og [Grindavíkurbæjar](#). Starfsfólk, börn og foreldrar komu að vinnu við námskrána með samræðu og þátttöku í hópavinnu, könnunum og sameiginlegu þróunarverkefni allra skólastiga í Grindavík. Leitast var við að gera skólanámskrána aðgengilega með því að hafa hana stutta og hnitmiðaða en gefa út ítarefni eða svokallaða leiðarvísa um einstaka þætti. Í þessum leiðarvísunum verður hægt að kynna sér skólastarfið betur og þá þætti sem liggja til grundvallar í stefnu skólans. Einnig var ákveðið að setja stefnu og starfshætti skólans fram með myndrænum hætti og hafa hvoru tveggja aðgengilegt með tenglum á heimasíðu skólans.

## Skólanámskrá

Markmið skólanámskrár er að vera leiðarvísir um hvað, hvernig, hvenær og hvar fjölbreytt uppeldi og menntun leikskólans á að fara fram. Skólanámskrá á að mótast af [Aðalnámskrá leikskóla](#), [Lögum um leikskóla](#), sérstökum áherslum og stefnu leikskólans, og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hún á að veita heildaryfirlit yfir starfsaðferðir skólans og vera grundvöllur fyrir gæðamat og framþróun.

Markmið og tilgangur skólanámskrár samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er:

- að skipuleggja uppeldi og nám barnanna
- að stuðla að skilvirkara starfi
- að gera leikskólastarfið sýnilegra

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Almenn menntun eða lífsleikni stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir og verkefni daglegs lífs. Sú menntastefna sem birtist í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er sameiginleg og byggir á ákveðnum grunnþáttum menntunar. Þessir grunnþættir snúast um læsi á samfélag, heilsu, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega, líkamlega og félagslega.

**Grunnþættirnir eru:**

- **Læsi** – kunnátta og færni í hvers konar ták- og samskiptakerfum samfélagsins.
- **Sjálfbærni** – samspil umhverfis, efnahags og velferðar í þróun samfélags.
- **Heilbrigði og velferð** – byggist á líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan.
- **Lýðræði og mannréttindi** – snýst um samábyrgð, viðhorf, gildismat, siðferði og virkni.
- **Jafnrétti** – ábyrgt líf í samfélagi skilnings, umburðarlyndis, friðar, víðsýnis og jafnréttis.
- **Sköpun** – forvitni, frumkvæði, áskorun, spenna, leit, sköpunarkraftur og innsæi.

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Grunnþættirnir endurspeglast í skólalífinu hvort sem um er að ræða starfshætti, samskipti eða skólabrag eins og sjá má í þessari skólanámskrá.

## Skólar ehf. – stefna og starfsemi

Öll börn ættu að alast upp við það að virða heilsu sína sem ómetanlegt verðmæti og grundvöll fyrir auknum lífsgæðum til frambúðar. Skólar ehf. reka Heilsuleikskólann Krók með þjónustusamningi við Grindavíkurbæ. Fyrirtækið hefur frá upphafi (2001) lagt mikla áherslu á heilsueflandi skólastarf og endurspeglast meginmarkmið og leiðarljós fyrirtækisins í yfirskriftinni „Heilbrigð sál í hraustum líkama“. [Stefna Skóla ehf.](#) miðar að því að gera fyrirtækið og starfsmenn þess enn samstilltari og hæfari til að ná þessu markmiði.

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa sjálfstætt undir stjórn skólastjóra sem ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri í hverjum skóla fyrir sig. Þannig getur hver skóli skapað sínar eigin áherslur og menningu þó allir starfi þeir samkvæmt sömu hugmyndafræði, Heilsustefnunni og stefni að sameiginlegum markmiðum. Í dag rekur fyrirtækið 5 leikskóla með þjónustusamningi við viðkomandi sveitarfélög, þeir eru:

- Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík (2001)
- Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi (2006)
- Heilsuleikskólinn Hamravellir í Hafnarfirði (2008)
- Heilsuleikskólinn Háaleiti í Reykjanesbæ (2008)
- Ungbarnaheilsuleikskólinn Ársól í Reykjavík (2008)

Samkvæmt stefnu Skóla ehf. eru markmið fyrirtækisins að:

- Vera leiðandi í þekkingu og aðferðafræði heilsueflandi leikskólastarfs með heilsu og lífsgæði barna, starfsfólks og nærsamfélagsins að leiðarljósi
- Skapa aðstæður og umhverfi sem hvetja til heilsusamlegra ákvarðana
- Starfsemin byggir á vel menntuðu, samstilltu og ábyrgu fagfólki
- Fyrirtækjabragur Skóla ehf. einkennist af heilsu meðvituðum og ánægðum starfsmönnum sem eru stoltir af sínum vinnustað
- Auka veg heilsuefningar í skólastarfi og fjölga heilsuskólum í náninni framtíð

## Hlutverk, stefna og leiðarljós

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri og annast að ósk foreldra um uppeldi, umönnun og menntun barna (Lög um leikskóla, 1. gr., 2008).

### Hlutverk leikskólans

*Hlutverk leikskólans* er að skapa öllum börnum jöfn skilyrði til leiks og náms í hvetjandi námsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á að styrkja sjálfsmynd barnanna, stuðla að velferð þeirra og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Barnið sem einstaklingur er ávallt haft í brennidepli í skipulagningu skólastarfsins á Króki og er lögð áhersla á að starfshættir taki mið af þroska og þörfum einstaklinganna.

*Hlutverk kennara* er að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Kennarar eiga að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á kennara sem leiðandi samverkamenn barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Þeim ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

*Hlutverk leikskólastjóra* er að vera faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Honum ber að leiða lýðræðislegt samstarf og stuðla að jafnrétti og uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starf leikskólans sé metið reglulega og að niðurstöður séu notaðar til úrbóta í þágu starfsins. Honum ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og sé í stöðugri starfsþróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Mikil áhersla er lögð á að fagmenn (stjórnendur og kennarar) hafi forystu um að skólastarfið sé í stöðugri þróun til að stuðla að framförum og virku lærdómssamfélagi til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild.


### Stefna og starfshættir

Skólastarfið á Króki er mótað af stefnum og starfsháttum sem hafa verið þróuð í árunna rás og segja til um hvernig skólinn starfar að markmiðum sínum. Skólastarfið byggist í meginatriðum á hugmyndafræði kennismiða sem leggja áherslu á mismunandi getu og áhugasvið barnanna, umhyggju, jákvæð samskipti og vellíðan. Helstu áherslupættir skólans eru heilsuefling, umhverfismennt, jákvæð og uppbyggjandi samskipti og frjáls leikur í anda lýðræðis. Einnig er lögð áhersla á að efla bernskulæsi og stærðfræðihugsun barnanna í gegnum leik og þrautir.

Stefna og starfshættir skólans eru sett fram í fjórum þáttum í Stefnumkort (e. strategy map) sem hver um sig er miðaður út frá grunnþáttum menntunar og námsviðum í Aðalnámskrá leikskóla.

Þegar skólastarfið er þróað er ávallt miðað út frá þessum fjórum þáttum og teymi mynduð um þróunar og umbótaverkefni skólaársins.

Stefnan er árangursmæld með Stefnumiðuðu árangursmati (e. Balanced Scorecard) sem er fylgt eftir með Verkefnaáætlun (Skorkorti, e. Scorecard). Teymi eru um hvert verkefni og eru allir starfsmenn virkjaðir í þá vinnu. Fagmenn skólans hafa forystu um teymin og skipuleggja vinnuna, fundartíma, skrá framgang verkefna og sjá um kynningu á þeim í lok hvers skólaárs.



### Heilsueflandi samfélag

Skólinn starfar eftir [Heilsustefnunni](#) sem hefur það að markmiði að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu, sköpun og lífsleikni í leik og starfi. Lögð er áhersla á að skapa *heilsueflandi samfélag* þar sem markvisst er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð. Kjörorð okkar er „*Heilbrigð sál í hraustum líkama*“ og hefur það sýnt sig í rannsóknum á undanförunum árum að heilsuefling fyrstu æviárin er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

### Jákvæð og uppbyggjandi samskipti

Aðalmarkmið skólans í lífsleikni eru *jákvæð og uppbyggjandi samskipti* þar sem unnið er út frá vinnubrögðum í verkefninu Rósemd og umhyggja, sem þróað var í skólanum. Þau vinnubrögð einkennast af jákvæðum viðhorfum og virðingu með áherslu á samkennd, vellíðan og sterka sjálfsmynd. Leitast er við að skapa náms- og starfsumhverfi þar sem börn og starfsfólk temja sér gleði og umhyggjusöm samskipti, sem efla jákvæðan skólabrag.

### Leikur og nám

Í *leik og námi* er lögð áhersla á frjálsan sjálfsprottinn leik í anda lýðræðis og jafnréttis, þar sem börnin leika á eigin forsendum, læra á umhverfi sitt og þróa félagsleg tengsl. Námsumhverfi barnanna er skipt niður í leiksvæði úti og inni með ákveðnum leik- og námsframboðum og mega börnin skipta um svæði þegar þau vilja og leika eins lengi og þau vilja. Frjálsi leikurinn er í gangi allan daginn á milli þess sem börnin fara í skipulagt hópastarf, samveru, útinám og í matmálstíma.

## Umhverfismennt

Í *umhverfisstefnu* skólans og markmiðum Grænfánaverkefnisins er lögð áhersla á að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Með því eflum við komandi kynslóðir í að stuðla að sjálfbærnu samfélagi þar sem ábyrgð er tekin á umgengni við umhverfi og náttúru. Útinám er stór hluti af starfsháttum skólans þar sem námið er fært út í nánasta umhverfi allan ársins hring og náttúran nýtt sem náms- og þroskavettvangur. Markmiðið er að efla lýðheilsu og nýta upplifanir og þá reynslu sem börn öðlast utandyra til að mennta og þroska einstaklinginn á hans forsendum. Börnin fara bæði í skipulögðum hópum og fá einnig að velja sér útinám sem sérstakt leik- og námssvæði.

## Leiðarljós Króks

Leiðarljós leikskólans er „Heilbrigð sál í hraustum líkama“ sem vísar í andlega, félagslega og líkamlega velferð með markvissri heilsueflingu í öllu skólasamfélaginu. Lögð er áhersla á að byggja upp hæfni starfsfólks og nemenda til að velja heilsusamlegt lífferni, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, ábyrga náttúruvernd, jafnrétti og lýðræði.

Framtíðarsýn okkar er að byggja upp lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verða bæði börn og starfsfólk betur í stakk búin til að takast á við verkefni dagsins og nýta þá reynslu á uppbyggilegan hátt í nútíð og framtíð.

## Hugmyndafræði

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólanám byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði sem leggur leikinn til grundvallar í námi og þroska barnsins. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Hinar ýmsu kenningar uppeldis- og menntunarfræðinga eru hornsteinn skólastarfsins, sem einkennist af virðingu fyrir leik og frelsi barna til að velja sér viðfangsefni út frá þroska og áhugasviði ásamt umhyggju fyrir líðan og velferð allra í skólasamfélaginu. Jafnframt er rík áhersla lögð á jákvæðan skólabrag og lærdómssamfélag með öflugri starfsþróun sem leið til stöðugra umbóta. Hér á eftir tilgreinum við nokkra kennismiði sem við samsömum hugmyndafræði og starfsaðferðir okkar við.

Samkvæmt **John Dewey** er mikilvægt að leggja áherslu á að vekja áhuga barnsins í leik og starfi og virkja athafnaþörf þess. Hin fleygu orð hans „*learning by doing*“, að læra með því að fást sjálf við viðfangsefni, urðu einkunnarorð hans. Hann lagði áherslu á samskipti sem kjarnann í



menntun og lýðræði. Að börn læri að verða lýðræðislegur borgari með þátttöku og daglegum samskiptum og samveru. Hugmyndir um heildtæka skólastefnu og blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna er í samræmi við hugmyndafræði Dewey (Dewey, 2000; Jóhanna Einars og Ólafur Páll Jónsson, 2010).

Fjölgreindarkenning **Howard Gardner** byggir á því að greind mannsins samanstandi af átta mismunandi greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Þau eru samtengd, þ.e. ef eitt greindarsvið þróast þá þroskast hin. Einstaklingar læra ólíkt eftir því hvaða greindarsvið eru sterkust sem undirstrikar mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hvers og eins. **Tomas Armstrong** hefur ritað mikið um fjölgreindarkenninguna og segir að við séum klár á öllum sviðum en á mismunandi hátt og mismikið. Hann segir að við búum yfir færni á öllum sviðum og telur mikilvægt að börn fái tækifæri til að nýta sér allar greindir sínar til hins ýtrasta (Armstrong, 2000 og 2003).

Samkvæmt **Goleman** hjálpar góð tilfinningagreind til við öll samskipti. Hann leggur áherslu á að skólar leggist á eitt við að stuðla að jákvæðri skólamenningu sem einkennist af trausti og umhyggju í samskiptum. Rannsóknir Golemans sýna að tilfinningar smitast í samskiptum fólks, bæði til góðs og ills. Því sé mikilvægt að fólk öðlist hæfni í mannlegum samskiptum, til að stjórna eigin tilfinningum, bæta eigin líðan og annarra (Goleman, 2000).

**Nel Noddings** telur að menntun eigi að vera skipulögð í gegnum umhyggju, þar sem börn læra að bera umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum, náttúru og umhverfi. Að umhyggjan snúist um samskipti og lærdóm og að með því að sýna barni umhyggju kennum við því að sýna öðrum umhyggju. Að hennar mati hafa viðhorf kennara og viðmót gagnvart nemendum áhrif á gæði samskiptanna og þar af leiðandi á gæði skólustarfsins. Hún leggur áherslu á að gleði og hamingja séu mikilvægir þættir í skólustarfi sem geti haft víðtæk áhrif á nám og þroska barna (Noddings, 2002 og 2005).

**Sigrún Aðalbjarnardóttir** telur að hlutverk uppalenda, einkum í skólustarfi, sé að rækta mikilvæg gildi í samskiptum fólks, svo sem virðingu og umhyggju. Hún talar um að umhyggjan sem nemendur upplifa hjá kennaranum skipti miklu um líðan þeirra og árangur í námi. Hún telur að þessi gildi séu stoðir sterkrar sjálfsmyndar og undirtónn í því að móta réttlát og umhyggjusöm samfélög (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

**Skólabragur** (skólamenning) hvers skóla er mikilvægur og vísar til þeirra samskiptareglna sem starfsmannahópurinn hefur sett sér og segir til um „hvernig við gerum hlutina hér“. Margar rannsóknir sýna að bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og velgengni og líðan í námi og lífi nemenda. Því er talið mikilvægt að skólar leggist á eitt við að stuðla að jákvæðum skólabrag sem einkennist af trausti og umhyggju í samskiptum (Goleman, 2006; Börkur Hansen, 2003; Noddings, 2002 og 2005; Rúnar Sigþórsson o.fl., 1999; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

**Lærdómssamfélag** þar sem allir læra einkennist af samvinnu, samábyrgð og skýrri sameiginlegri sýn. Hin öfluga samvinna sem einkennir lærdómssamfélagið er kerfisbundið ferli þar sem kennararnir vinna saman í teyimum við að skilgreina og bæta starf sitt. Fræðimenn hafa bent á að þannig samfélög séu árangursrík leið til stöðugra umbóta, aukins árangurs nemenda ásamt því að vera leiðarvísir að aukinni starfsþróun kennara (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2010; DuFour, 2004; Fullan, 2007; Rúnar Sigbórsson, 1999).

## Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Í leikskóla eru börn, foreldrar, kennarar og starfsfólk samstarfsaðilar og þar fá börn tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Stuðlað er að lýðræðislegum vinnubrögðum með því að gefa nemendum tækifæri á að taka virkan þátt í samræðum, hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum. Í verkefninu Rósemd og umhyggja er nemendum gefið tækifæri til að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum ásamt því að vinna saman og aðstoða hvern annan. Í námi og leik fá nemendur tækifæri til að velja um verkefni og vinnubrögð og að hafa áhrif á leik, nám og námsumhverfi.

Með [Jafnréttisstefnu skólans](#) er stefnt að því að allir aðilar innan skólans njóti jafns réttar án tillits til kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og/eða kynhneigðar. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Í stefnunni er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun þar sem unnið er markvisst að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

Í þróunarverkefni sem unnið var skólaárið 2013-14, [Snemma beygist krókurinn, úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti](#), fékk starfsfólk öflugra fræðslu um stöðu kynjanna og hugmyndafræði um kyn, kyngervi og kynvitund. Með breyttum hugsanahætti og öflugri fræðslu er starfsfólk betur í stakk búið að afbyggja staðlaðar hugmyndir barnanna um kynin, opna fyrir þeim fleiri möguleika sem kynjahlutverk eiga það til að útiloka og um leið jafna stöðu stelpna og stráka. Sú leikni sem börn öðlast í markvissri jafnréttiskennslu mun undirbúa þau fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

## Leikur, nám og umhverfi

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Nám barna fer fram í gegnum leik þar sem áherslum í grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla er fléttað inn í stefnu og starfshætti skólans. Lögð er áhersla á frjálsan sjálfsprottinn leik í anda lýðræðis og jafnréttis, þar sem börnin leika á eigin forsendum, læra á umhverfi sitt og þróa félagsleg tengsl í anda Dewey (Dewey, 2000; Jóhanna Einarsdóttir o.fl., 2010).

Námsumhverfi samanstendur af húsnæði, efnivið, lóð og nærumhverfi. Námsumhverfinu er skipt niður í leiksvæði úti og inni með ákveðnum leik- og námsframboðum og mega börnin skipta um svæði þegar þau vilja og leika eins lengi og þau vilja. Kennarar skólans leitast við að skapa fjölbreytilegt og hvetjandi námsumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái notið sín. Leitast er við að gera umhverfið heilsusamlegt, öruggt og með góða hljóðvist. Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfið með fjölbreyttum efnivið sem stendur þeim til boða hvar og hvenær sem er.

Leikskólinn er aldurskiptur og er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi aldurs barnanna. Boðið er upp á fjölbreytt dagskipulag, leikefni og búnað eftir aldri og færast börnin einu sinni frá yngri deild yfir á eldri deild á leikskólagöngu sinni. Börn frá 18 mánaða til 2ja ára taka ekki þátt í skipulögðu starfi og eru mest inni á sinni deild. Með er því lögð áhersla á að þau fái góða aðlögun sem gefur þeim öryggi.

## Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf í leikskólanum, innandyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans taka mið af grunnþáttum menntunar og eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Til að ná fram markmiðum námssviðanna eru settir fram svokallaðir leiðarvísar með útfærðum markmiðum og leiðum að hvernig skólinn vinnur að hæfnipáttum sem stefnt er að í samræmi við aldur og þroska nemenda. Hér á eftir er lýst í stuttu máli hvernig unnið er að markmiðunum og vísað í leiðarvísana sem eru undir hverju námssviði fyrir sig.

## Námssvið leikskólans

### Læsi og samskipti

Börn nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi, í víðum skilningi þess orðs, er mikilvægur þáttur samskipta og tjáningar því auk tungumálsins nota börn t.d. snertingu, hljóð, tónlist, látbragð og leikræna tjáningu, dans og myndmál í þeim tilgangi. Læsi í leikskóla felur því í sér þekkingu, leikni og hæfni til að skynja, skilja, lesa, túlka, gagnrýna og miðla á fjölbreyttan hátt hvort sem um er að ræða umhverfi, upplifun, tilfinningar eða skoðanir (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Á Króki er lögð rík áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti með áherslu á samkennd og sterka sjálfsmynd með lífsleikniverkefninu Rósemd og umhyggja þar sem sett eru fram markmið og leiðir sem byggð eru á faglegri umhyggju. Í málrækt eru sett fram markmið og leiðir sem gefa tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess, njóta sögulesturs og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig með fjölbreyttum hætti og lögð er áhersla á að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir. Þau fá að kynnast eigin samfélagi og menningu með skipulögðum viðburðum og heimsóknum í stofnanir bæjarins, svo og menningu annarra þjóða með ýmsum hætti. Með því að nýta margvíslegar aðferðir í nálgun á læsi og samskiptum gefum við börnunum tækifæri á að þróa læsi í víðum skilningi.

### Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla skal daglegt starf stuðla að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og vellíðan. Þar læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti sem byggjast m.a. á hollu og fjölbreyttu mataræði, hreyfingu, slökun og hvíld, hreinlæti, tilfinningalegu jafnvægi, félagslegum tengslum og jákvæðum samskiptum. Líðan barns hefur mikil áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það er áhugasamt, hefur trú á eigin hæfni og vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Því skipar umhyggja jafnframt stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Stuðlað er markvisst að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsueflingu með áhersluþáttum [Heilsustefnunnar](#) og Rósemd og umhyggju. Lögð er áhersla á holla næringu, fjölbreytta hreyfingu, lífsleikni og sköpun í leik og starfi. Nemendur fara reglulega í ögrandi og krefjandi útivist bæði á útisvæði skólans og í nánasta umhverfi. Unnið er eftir sérstakri [næringarstefnu](#) sem unnin var í samráði við næringarfræðing og er verið að vinna að sérstökum stefnum í öðrum áhersluþáttum heilsustefnunnar í samráði við fagfólk. Í samskiptastefnu skólans, verkefninu Rósemd og umhyggja, er lögð áhersla á geðrækt með faglegri umhyggju, samhygð, kærleik og að öðlast tilfinningalegt jafnvægi. Lögð er áhersla á að nemendur fái persónulega og umhyggjusama umönnun og þjálfun í sjálfhjálpi eftir aldri og þroska. Í öllu starfi skólans er unnið markvisst að því að efla félagsleg tengsl nemenda með samhygð að leiðarljósi.

## Sjálfbærni og vísindi

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Mikilvægt er að börn þrói með sér vitund og virðingu fyrir umhverfi sínu og geri sér grein fyrir því hvernig þau geta stuðlað að sjálfbærri þróun í nútíð og framtíð (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í umhverfisstefnu skólans er stuðlað að virðingu og vernd fyrir nánasta umhverfi og náttúrunni. Nemendum er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, auðlindum hennar og nýtingu. Þau læra um moltugerð, ræktun og umhirðu matjurta og að njóta náttúrunnar í hvívetna.

Ein aðalforsenda sjálfbærrar þróunar er að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra (Grunnþættir menntunar í Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Með starfsháttum heilsu- og samskiptastefnu skólans er unnið sérstaklega að þessum þáttum og markvisst hlúð að félagslegum þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Unnið er markvisst með stærðfræði og vísindi þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og læra um vísindi á fjölbreyttan hátt bæði úti og inni.

## Sköpun og menning

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, skapandi starfi, lýðræði og þjóðmenningu. Sköpun á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu sjálfu, könnuninni, tjáningunni, náminu og gleðinni sem á sér stað þegar ímyndun, hugmyndir og tilfinningar fá að njóta sín. Hlutverk kennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og gera börnunum kleift að nálgast viðfangsefnið eftir mismunandi leiðum á sínum eigin forsendum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á sköpun út frá fjölbreyttum viðfangsefnum með það að markmiði að nemendur kynnist mismunandi efniviði og tækni. Nemendum er boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem örvar sköpunargleði og eykur hugmyndaflug þar sem sköpunarferlið sjálft skiptir meira máli en útkoman. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læri texta og taka þátt í söng á hverjum degi. Stuðlað er að menningarläsi með því að gefa nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í að móta og njóta fjölbreyttrar menningar og lista á hátíðum og viðburðum í skólanum og í samfélaginu. Einnig er rík áhersla lögð á að kynnast og vinna með listafólki úr bæjarfélaginu í tengslum við menningarviku.

## Fjölskyldan og leikskólinn

Mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn yfir vellíðan og velferð barna eru góð og jákvæð samskipti við foreldra þeirra og fjölskyldur. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki trúnaður og traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum, tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin og hafi í öllum tilvikum umhyggju og velferð barnsins að leiðarljósi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Mikilvægt er að kennarar og foreldrar þekki væntingar og uppeldislegar áherslur hver hjá öðrum og samræmi þær eftir því sem kostur er. Rannsóknir sýna að gott foreldrasamstarf hefur jákvæð áhrif á þroska, félagsfærni, hegðun og vellíðan nemenda. Samstarfið eykur skilning kennara á aðstæðum barna og fjölskyldna þeirra og styður við uppeldi foreldranna (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008).

### Kynning og aðlögun

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þegar barnið fær leikskólavist er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem leikskólastjóri sýnir þeim leikskólann og kynnir stefnu hans og starfshætti. Síðan er foreldrum og barni boðið í viðtal til deildarstjóra þar sem farið er yfir starfsemi deildarinnar. Foreldrum tvítyngdra barna er boðið að sækja einkafund með túlki fyrir aðlögun barna.

Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Framkvæmd er svokölluð þátttökuaðlögun þar sem foreldrar dvelja mestan hluta vistunartíma barnsins í ca. þrjá daga og taka þátt í starfi deildarinnar. Barnið fær lykelpersónu sem hefur yfirumsjón með aðlöguninni, högum þess og líðan fyrstu vikunnar í leikskólanum.

### Ráðgjöf

Ráðgjafarhlutverk leikskólakennara hefur aukist m.a. vegna vaxandi trausts á fagþekkingu þeirra. Foreldrar leita í auknum mæli eftir ráðgjöf vegna þroska og þroskafrávika barna, aga og almenns uppeldis og umönnunar, svo sem varðandi svefntíma og mataræði (Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir, 2008).

Kennarar skólans veita ráðgjöf til foreldra í daglegum samskiptum í foreldraviðtölum og á teymisfundum. Nokkrir kennarar innan skólans hafa sótt sérstök námskeið í uppeldisráðgjöf og í PMTO sem foreldrum er boðið að taka þátt í. Leitast er við að upplýsa foreldra tvítyngdra barna með túlkaþjónustu ef grunur leikur á að fullur skilningur sé ekki fyrir hendi.

### Foreldraviðtöl

Deildarstjórar veita foreldrum einkasamtal tvisvar sinnum á ári þar sem foreldrar eru upplýstir um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni og þroska í leik og starfi, úr Heilsubók barnsins. Í foreldraviðtölum gefst

foreldrum tækifæri til að leita ráðgjafar um ýmis uppeldismál sem og að veita upplýsingar um barnið. Foreldrum tvítyngdra barna er boðið upp á túlka í viðtölum.

### **Foreldrafundir**

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári. Á foreldrafundum eru gefnar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið. Skólanámskrá leikskólans, áætlanir og gæðamat eru kynnt og rætt og skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.

### **Foreldrafélag og foreldraráð**

Við leikskólann starfar foreldrafélag sem er sjálfstæð stofnun innan leikskólans. Það er rekið af framlögum foreldra sjálfra og er upphæðin ákveðin á aðalfundi þess. Sjóðurinn er notaður til að auðga starfið í leikskólanum og einnig eru haldnir fræðslufundir fyrir foreldra. Stjórn félagsins, sem skipuð er sjö foreldrum, heldur utan um starfið og sér um hinar ýmsu uppákomur fyrir börn og foreldra í samvinnu við leikskólann.

Í leikskólanum er einnig starfandi foreldraráð. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslu- og uppeldisnefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

### **Trúnaður – tilkynningarskylda**

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Grindavíkurbæjar, sbr. 13. gr. laga [um vernd barna og ungmenna](#) (1992). Foreldrar eru skyldugir til að láta vita ef ekki er hægt að ná í þá og hverjir eru tengiliðir barnsins á meðan. Ef barn lendir í slysi mega lækna ekki framkvæma nauðsynlegar aðgerðir nema með samþykki foreldra eða tengiliða samþykta af þeim.

## **Tengsl skólastiga**

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám þeirra á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á. Til að flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla verði farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara þar sem velferð barnsins, menntun þess og þroski eru í fyrirrúmi. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna sinna. Að sama skapi eiga þeir rétt á aðgangi að þeim upplýsingum sem leikskólar varðveita um börn þeirra og fylgja þeim á milli skólastiga samkvæmt [Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009](#).

Áralöng hefð er fyrir samstarfi leik- og grunnskóla sem byggist á samstarfi kennara, heimsóknum barna og kennara á milli skólastiga sem skipulagt er í verkefninu [Brúum bilið](#). Í ágúst er haldinn skipulagsfundur meðal deildarstjóra yngsta stigs í grunnskólanum og verkefnastjórum elstu barna beggja leikskólanna og þar er samstarf vetrarins skipulagt.

## Áætlanir og skýrslur

### Starfsáætlun

Árlega er gerð [Starfsáætlun](#) sem sýnir stefnu skólans og þau verkefni sem áætlað er að framkvæma hvert skólaár. Starfsáætlun byggir á innra mati skólans og þeim þróunar- og nýbreytniverkefnum sem ráðgert er að framkvæma. Í starfsáætluninni má einnig finna stefnu um starfshætti, hlutverk og framtíðarsýn leikskólans, hagnýtar upplýsingar, ýmsar tölulegar staðreyndir, áætlun um þróunar- og nýbreytnistarf, símenntunaráætlun og skóladagatal. Starfsáætlun er sett fram með stefnumiðuðu árangursmati (e. balanced scorecard) sem sýnir á myndrænan hátt stefnukort skólans (e. strategy map).

### Ársskýrsla

Í [Ársskýrslu](#) er skólastarfi liðins skólaárs gert skil með margvíslegum hætti og árangur metinn þar sem stuðst er við niðurstöður úr innra mati. Markmiðið er að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

### Eineltisáætlun

Í [Eineltisáætlun](#) skólans er markmiðið að gera starfsfólk leikskólans meðvitaðra um einelti í allri sinni mynd þannig að það þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti ásamt því að vera meðvitaðir um að einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.



## Áfallaáætlun

Markmið með [Áfallaáætlun](#) er að vinna eins og best verður á kosið úr áföllum sem tengast leikskólanum. Í áfallaráði sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og þrír kennarar. Tengiliðir áfallaráðs eru foreldrar, heilsugæsla, skólasálfræðingur og sóknarprestur.

## Viðbragðsáætlun

[Viðbragðsáætlun](#) er ætlað að skilgreina skipulag og stjórnun við áföll sem kunna að koma upp vegna hugsanlegs bruna, slysa og náttúruhamfara eða annarra atburða sem leiða til röskunar á daglegri starfsemi skólans. Tilgangur áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra sem að skólastarfinu koma.

## Gæðamat

Markmið gæðamats í leikskóla er meðal annars að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Tilgangur matsins er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrár, og að réttindi leikskólabarna séu virt þannig að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber (Lög um leikskóla, 17. gr., 2008).

Við skólann er fjögurra manna matsteymi sem hefur það hlutverk að skipuleggja og framkvæma innra mat með það að markmiði að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum, auknum gæðum og þróun skólastarfsins. Lögð er áhersla á að mat byggi á þátttöku og samvinnu kennara/starfsfólks, foreldra og barna. Með vel skipulögðu matsferli tryggjum við að umbætur fari fram með það að markmiði að auka gæði leikskólastarfsins.

## Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna á að beina sjónum að áhuga þeirra, getu, skilningi, hæfni og styrk. Mat á að vera einstaklingsmiðað, þar sem börn sýna hæfileika sína á mismunandi hátt en er í öllum tilfellum gert með það fyrir augum að efla sérhvert barn. Á grundvelli þess skal styðja við þroska, styrkleika, nám og velferð sérhvers barns svo það geti tekið virkan þátt í skólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Leikskólinn hefur þróað fjölbreyttar aðferðir við að safna, skipuleggja, skrá og greina upplýsingar um þroska barna, færni, nám og vellíðan. Nemendur taka sjálfir þátt í að meta starfshætti skólans, eigin líðan, vinatengsl, úrræði í samskiptum og lýðræði. Markmiðið er að meta hvert barn og efla það enn frekar til þátttöku í leikskólastarfinu á eigin forsendum. Til að ná fram markmiðunum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í samráði við foreldra.

## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir (innra mat) og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila (ytra mat) (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

### Innra mat

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um árangur skólans ásamt því að leggja faglegan grunn að umbótum á leikskólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun nemenda. Þátttakendur í innra mati eru starfsfólk, foreldrar og börn og byggir matið á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.

Við framkvæmd innra mats skólans eru notuð margvísleg matstæki og aðferðir sem eru skilgreind í leiðarvísinum [Gæðamat í Heilsuleikskólanum Króki](#). Í honum kemur fram HVAÐ skal metið, HVERJIR taki þátt, HVENÆR matið er tekið og að síðustu HVERNIG matið er framkvæmt og unnið úr niðurstöðum. Niðurstöður innra mats eru birtar í ársskýrslu og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun.

### Ytra mat

Skólar ehf. reka leikskólann með þjónustusamningi við Grindavíkurbæ. Sú nefnd sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu hefur því eftirlit með því að starfsemi viðkomandi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Ytra mat er framkvæmt af menntamálaráðuneytinu í samstarfi við námsmatsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skólar ehf. gera könnun meðal starfsmanna annað hvert ár og Grindavíkurbær gerir foreldrakönnun annað hvert ár, sem Leikskólapúlsinn sér um að framkvæma.

## Stoð- og sérfræðiþjónusta

### Hlutverk skólaskrifstofu

Hlutverk skólaskrifstofu er að fylgjast með framkvæmd skólahalds og hefur eftirlit með áætlanagerð og almennu skólastarfi. Hún fylgir skólastefnu Grindavíkurbæjar og styður við þróun, úrbætur og nýbreytni í skólastarfi í samvinnu við skólastjórnendur. Skólaskrifstofa Grindavíkur veitir sérfræðiþjónustu við leikskóla skv. lögum um leikskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Sérfræðiþjónusta felur í sér annars vegar stuðning við nemendur og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Markmið með sérfræðiþjónustu er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Það er m.a. gert með:

- a. forvarnarstarfi til að stuðla markvisst að velferð nemenda
- b. snemmtæku mati á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar
- c. leggja mat á þörf fyrir viðbótarstuðning vegna nemenda með sérþarfir
- d. því að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna
- e. því að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra
- f. stuðningi við foreldra með ráðgjöf og fræðslu
- g. viðeigandi túlkajónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum
- h. góðum tengslum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi

### **Sérfræðingar skólaskrifstofu**

Á skólaskrifstofu starfa sviðstjóri, sérkennslufulltrúi, sálfræðingur, félagsráðgjafi og leikskólaráðgjafi. Þá er boðið upp á þjónustu talmeinafræðings í leikskólanum aðra hverja hverju viku, hálfan dag í senn.

### **Tilvísunarferli sálfræðings**

Sálfræðingur gerir þroskamat og ýmsar athuganir á börnum og veitir kennurum og foreldrum sálfræðilega ráðgjöf og eftirfylgd eftir því sem við á.

Beiðnir um sálfræðiþjónustu þurfa að berast á þar til gerðum eyðublöðum sem útfyllt eru í samstarfi foreldra og starfsfólk leikskólans. Samþykki foreldra fyrir beiðni þarf ætíð að liggja fyrir.

Kennurum og foreldrum er frjálst að hafa samband við starfsfólk án þess að tilvísun liggja að baki.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla*, (2011).

Armstrong, T. (2000). *Fjölgreindir í skólastofunni*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.

Armstrong, T. (2003). *Klárari en þú heldur*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Börkur Hansen. (2003). Stofnanamenning og stjórnun. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson, Steinunn Helga Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta. Þættir í skólastjórnun* (bls. 49–61). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).

DuFour, R. (2004). What is a “professional learning community”? *Educational Leadership*, 4, 1-6.

Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útg.). New York: Teachers Collage Press

Goleman, D. (2000). *Tilfinningagreind*. (Áslaug Ragnars þýddi). Reykjavík: Iðunn.

Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). (2010). *John Dewey í hugsun og verki. Menntun reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfa.

Jónína Sæmundsdóttir og Sólveig Karvelsdóttir. (2008). Þáttur ráðgjafar í samstarfi leikskólakennara og foreldra. *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 77-91.

*Lög um leikskóla* nr. 90/2008.

*Lög um vernd barna og ungmenna* nr. 58, 1992.

Noddings, N. (2002). *Educating moral people. A caring alternative to character education*. New York: Teachers College Press.

Noddings, N. (2005). What does it mean to educate the whole child? *Educational Leadership*, 63, 8–13.

*Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla* nr. 896/2009.

Rúnar Sigbórsson (ritstjóri). (1999). *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja*. Reykjavík: Heimskringla háskólaforlag Máls og menningar.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2010). Professional learning community in relation to school effectiveness. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 54, 395–412.